

Tillaga um styrkúthlutun 2026

Aðalfundur Félags austfirskra kvenna í Reykjavík, haldinn í Grensáskirkju 2. mars 2026, samþykkir að úthluta kr. 500.000, - af fjármunum félagsins í styrk sem hér segir:

Styrkur að upphæð kr. 500.000, - til samstarfsverkefna Krabbameinsfélags Austfjarða og Krabbameinsfélags Austurlands.

Tvö félög eru starfandi á Austurlandi er veita krabbameinsgreindum og aðstandendum þeirra fjölbreytta þjónustu, þ.e. Krabbameinsfélag Austfjarða sem þjónar fjörðunum í Fjarðabyggð og Djúpavogi og Krabbameinsfélag Austurlands sem þjónar Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshreppi, Seyðisfirði, Borgarfirði eystra, Vopnafirði og Bakkafirði.

Félögin starfa saman að ýmsum verkefnum, svo sem fræðsluviðburðum og hvíldarhelgum fyrir krabbameinsgreinda og leggja þá bæði til fé í verkefnin inn á sameiginlegan reikning félaganna sem rekinn er í kringum það samstarf.

Aðalfundur Félags austfirskra kvenna samþykkir að styrkurinn renni til þeirra samstarfsverkefna sem ofangreind félög vinna í sameiningu að og mun styrkurinn verða greiddur inn á þann bankareikning sem notaður er af báðum samtökum í þau verkefni.

Greinargerð:

Komið hefur fram af hálfu félagskvenna sú ósk að félagið styrki, að minnsta kosti annað hvert ár, verkefni, félagasamstök eða annað á Austurlandi.

Því var sjónum beint að Krabbameinsfélögunum fyrir austan enda vinna þau afskaplega þarft og þakklátt starf í þágu krabbameinssjúkra á svæðinu.